
LÖGFRÆÐISVIÐ

*Um lagaákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995
sem snúa að ábyrgð stjórnenda og
framkvæmdastjóra í hlutafélögum*

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Ásta Hrönn Jónsdóttir

Leiðbeinandi: Helga Kristín Auðunsdóttir

Haustönn 2014



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Lokaverkefnið:

***Um lagaákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995 sem snúa að ábyrgð
stjórnenda og framkvæmdastjóra í hlutafélögum***

Höfundur:

Ásta Hrönn Jónsdóttir, kt. 010262-2409

Leiðbeinandi:

Helga Kristín Auðunsdóttir

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum

Háskólans á Bifröst

og hefur hlotið einkunnina: _____

Bifröst: _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Ágrip

Í lokaverkefni þessu verður fjallað um ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra í hlutafélögum að íslenskri dómaframkvæmd. Fjallað verður um eftirlitskyldur þeirra, háttsemi, skaðabótakröfur og refsíábyrgð þá ef þeir gerast brotlegir í starfi sínu. Með orðalaginu hlutafélög á höfundur við hlutafélög eins og þau birtast í lögum nr. 2/1995. Gerð verður sérstök grein fyrir hvaða skyldum stjórnendur og framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innan hlutafélagformsins. Fjallað verður um trúnaðarskyldu þeirra við hlutafélagið, því ekki virðist hún vera ákvæði í hlutafélagalögum að íslenskum rétti, heldur nokkurs konar óskráð regla félagaréttar. Stjórnendum félaga ber ávallt að sýna félagi sínu hollustu, en það fer eftir félagiformi, því misríkar kröfur eru gerðar um hollustu og trúnað félagsmanna eftir gerð þess. Staðreyndin er að allur rekstur hlutafélaga er í höndum stjórnenda¹ og eini lögformlegi vettvangur hluthafa er sjálfur hluthafafundurinn² sem býður hagsmunaárekstrum heim.

¹ Sbr. 68. gr. hfl.

² Sbr. 2. mgr. 80. hfl.



Formáli

Lokaverkefni höfundar er 12 ECTS eininga ritgerð til Bs gráðu í viðskiptalögfræði við lagasvið Háskólans á Bifröst og unnin á Bifröst haustið 2014. Viðfangsefnið er á sviði félagaréttar.

Markmið lokaverkefnis þessa er að gera betur grein fyrir ábyrgð og skyldum stjórnenda og framkvæmdastjóra í hlutafélögum. Með því nær höfundur betri þekkingu á meðferð lögskýringargagna og túlkun þeirra, svo og færni við greiningu á dómum Hæstaréttar sem hafa komið fram.

Ritgerðin er unnin undir traustri leiðsögn Helgu Kristínar Auðunsdóttur, lögfræðings og sviðstjóra Lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst og vil ég þakka henni fagmannlega og góða leiðsögn.

Höfundur vill þakka Dagnýju Hauksdóttur fyrir yfirlestur og góðar ráðleggingar varðandi lokafrágang ritgerðarinnar.

Höfundur lýsir því hér með yfir að hann er eini höfundur að þessari ritgerð og ritgerðin er unnin í samræmi við reglur og kröfur Háskólans á Bifröst um vinnslu Bs ritgerðar í grunnnámi.

Háskólinn á Bifröst, 2014

Ásta Hrönn Jónsdóttir

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. Inngangur | 1 |
| 2. Hlutfélagiformið og regluverk þess | 3 |
| 2.1. Hugtakið hlutfélag | 5 |
| 3. Helstu skyldur og ábyrgð stjórnenda | 7 |
| 3.1. Ábyrgðin | 7 |
| 3.2. Kosning stjórnar | 10 |
| 3.3. Ábyrgð og skyldur stjórnar | 11 |
| 3.4. Misnotkun á 67. gr. hfl. | 12 |
| 4. Brot á 72. gr. hfl. og 76. gr. hfl. | 14 |
| 4.1. Vanhæfi samkvæmt 72. gr. hfl. | 14 |
| 4.2. Brot á 76. gr. hfl. | 15 |
| 4.3. Eftirlitsskyldan | 16 |
| 4.4. Trúnaðarskyldan | 17 |
| 5. Framkvæmdastjórinn | 19 |
| 6. Skaðabótaákvæði XV kafla hfl. | 22 |
| 6.1. Sakareglan og sakarmatið | 25 |
| 6.2. Lækkunarheimildin | 27 |
| 7. Refsiákvæði XVIII kafla hfl. | 29 |
| 8. Niðurstaða | 31 |
| 9. Lokaorð | 32 |
| 10. Heimildaskrá | 33 |
| 11. Lagaskrá | 34 |
| 12. Dómaskrá | 35 |

1. Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um lagaákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995 og um ábyrgð og skyldur stjórnenda og framkvæmdastjóra sem sitja í hlutafélögum að íslenskum rétti og dómar reifaðir hverju sinni eftir efninu og leitað svara við því;

„Hvernig birtist ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra hlutafélaga í íslenskri dómframkvæmd?“

Eftir hrun fjármálakerfisins 2008 sem lamaði íslenskt viðskiptalíf voru umræður um ábyrgð stjórnenda mjög á vörum manna og kom þá sérstaklega í ljós hve mikilvægt er að hæfir aðilar stjórnari félögum og þeir séu traustsins verðir.³ Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis sem gerð var eftir hrun Byrs sparisjóðsins á sínum tíma, kom fram að innra eftirlit stjórnarmanna sjálfra á framkvæmdastjórum og stærri hluthöfum hefði hreinlega brugðist. Þá taldi Fjármálaeftirlitið óeðlilegt að stjórnendur eða stjórnarmenn eins fjármálafyrirtækis sætu í stjórn annars, með tilliti til hagsmunaárekstra, hæfis og heilbrigðra viðskiptahátta.⁴

Aðferðafræðin sem höfundur notast við í vinnslu ritgerðar þessarar verður lögfræðileg, ásamt vinnu með lögskýringargögn, auk þess notkun fræðiritra til skýringar á ýmsum lagaákvæðum og ekki síst verður lögð áhersla á greiningu á dómum sem um efnið hafa fallið. Höfundur vonast til að gera skýra og greinargóða lýsingu á helstu efnistökmum til að lesandi fái góða sýn á ábyrgð þeirri sem stjórnendur hlutafélaga hafa. Uppbygging ritgerðarinnar verður þannig að fyrst verður farið yfir þá ábyrgð sem stjórnendur og framkvæmdastjórar hlutafélaga bera og gagnvart hverjum þeir bera þá ábyrgð. Farið verður yfir hverjar skyldur stjórnendur hafa og hvernig löggjafinn túlkar þær. Gerð verður grein fyrir þeim lögum og reglum sem gilda í hlutafélagaréttinum/félagaréttinum. Þá verður fjallað um skaðabótaákvæði og refsíábyrgð stjórnenda samkvæmt hfl. ef þeir gerast brotlegir og réttarlegar afleiðingar þeirra brota gegn þeim reglum.

Í 1. kafla ritgerðarinnar er fjallað almennt um efni hennar og rannsóknarspurningu varpað fram og minnst á helstu efnisatriði sem fjallað er um í ritgerðinni. Minnst er einnig á stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeinandi reglur þær sem Nasdaq gefur út.

³ Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir – 1. bindi. Bls. 49.

⁴<http://www.rna.is/sparisjodir/skyrsla-nefndarinnar/4-bindi/18-kafli/> [Sótt á vefinn 9 nóvember 2014]

Í 2. kafla er fjallað almennt um hlutafélagaformið, lagaramma þess og reglur félagaréttarins. Einnig staldrað við hugtakið hlutafélag.

Í 3. kafla er fjallað um réttindi og skyldur stjórnar hlutafélaga, regluverk hennar og hvaða ábyrgð hún hefur. Einnig er fjallað um stjórnendur hlutafélagsins, skyldur, ábyrgð hans og misnotkun varðandi 67. gr. hfl. og dóma sem hafa fallið.

Í 4. kafla er fjallað um hvenær stjórnarmaðurinn er talinn vanhæfur í starfi sínu, ef hann brýtur af sér í starfi og sinnir ekki eftirlitsskyldum sínum og trúnaðarskyldum eins og vera ber. Sérstaklega verður farið í vanhæfi stjórnenda á ákvæðum 72. gr. og ef þeir brjóta á ákvæði 76. gr. hfl.

Í 5. kafla er fjallað um framkvæmdastjórana og það eftirlit sem á að vera haft með þeim í þeirra starfi. Ábyrgð þeirra og skyldur gangvart félagsstjórninni og verkaskiptingu þeirra á milli.

Í 6. kafla er fjallað um XV kafla hfl. og skaðabótaákvæði þess, sakarmatið, sakaregluna og dóma sem hafa fallið. Farið verður yfir lækkunarheimildina í kafla VII og mat á henni.

Í 7. kafla er fjallað um refsíákvæði XVIII kafla hfl. og hvaða refsingu er hægt að beita við brotum á ábyrgð stjórnenda og farið yfir ferli þess.

Í mars 2012 gáfu Viðskiptaráð Íslands og NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins út endurskoðaðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Tilgangur þeirra reglna er að leiðbeina íslenskum fyrirtækjum um hvernig háttá beri öllum samskiptum á milli hluthafa, stjórnna og stjórnenda⁵. Stjórnendur félags bera ábyrgð gagnvart hluthöfum og öllum öðrum hagsmunaaðilum að hlutafélaginu. Hluthafar verða að treysta því að stjórnendur vinni af heilindum að hagsmunum þeirra. Alls konar hagsmunaárekstrar geta orðið í stjórnarháttum fyrirtækja og einnig spilling, spurningin um hagsmuni hverra á að gæta fyrst. Spilling í rekstri fyrirtækja, samanber mál fyrirtækisins Enron, sem frægt varð, en í því máli var farið að leita svara við því hvað hefði farið úrskeiðis í stjórnarháttum fyrirtækisins og hvað hefði mátt gera öðruvísi og fyrst og síðast hvað mætti læra af þeim mistökum sem urðu þess valdandi að sú keðjuverkun fór í gang. Eftir Enron komu í ljós ýmis spillingarmál hjá fyrirtækjum innan Evrópu⁶.

⁵ http://www.vi.is/files/2012.03.08-Stjornarhaettir-NET_127435363.pdf [Sótt á vefinn 12 nóvember 2014]

⁶ Alþingistíðindi 2003 – 2004, A–deild, bls. 4907.

2. Hlutfélagiformið og regluverk þess

Um hlutfélög gilda lög nr. 2/1995.⁷ Hlutfélög eru lögaðilar og hlutfélagiformið er lögbundið félagiform og gilda um það margar ófrávíkjanlegar reglur. Þær reglur gilda t.d. um stofnun þess, fjárhag, stjórnkerfi, réttarstöðu hluthafa og félagsslit. Hlutfélagið öðlast rétt hæfi við stofnun þess og þegar samþykktir hafa verið staðfestar, stjórn þess valin og að fullnægðum skilyrðum hfl. sbr. 14. og 15. gr. þeirra við skráningu. Við stofnun lögaðila verður til réttareind. Sú réttareind getur átt réttindi og borið skyldur eins og um lögráða einstakling væri að ræða⁸. Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutfélags samanber 80. gr. hfl. og hann getur tekið ákvarðanir um öll málefni sem varða félagið. Grundvallarregla í félagarétti er meirihlutaræði, sem þýðir að allar ákvarðanir eru teknar af meirihlutanum, hvort sem um er að ræða einfaldan meirihluta, aukinn eða hreinan.⁹

Hugtakið hluthafafundur, það er þegar allir hluthafar koma saman, sérstaklega til þess kvaddir, til þess að ræða um félagsmálefni og/eða taka ákvörðun í þeim. Það er réttur hluthafa að taka til máls og fá réttar upplýsingar, hluthafi á tillögurétt og atkvæðisrétt. Meginreglan er sú að hverjum hlut fylgi atkvæðisréttur samkvæmt 1. mgr. 82. hfl. en samt eru undantekningar á því. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. 87. gr. hfl. Það sést greinilega hvaða áhrif það getur haft í för með sér, ef ekki er boðað rétt til hluthafafundar sbr. dóm Hrd. nr. 256/2001 (Lyfjaverslun Íslands hf.), en þar tók stjórn félagsins ákvörðun um kaup á hlutfé, án þess að boða til hluthafafundar. Niðurstaða dómsins var að skv. 85. gr. laga nr. 2/1995 er mælt fyrir um að hluthafafund í félagi skuli boða innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 (nú 1/20) hlutfjárins krefjast þess skriflega. Efnislega samsvarandi ákvæði var í 13. gr. samþykktu fyrir Lyfjaverslun Íslands hf. Skilyrðum þessara ákvæða var fullnægt til að sóknaraðilar gætu krafist þess að kaup á hlutfé í Frumafli ehf. yrðu borin undir hluthafafund í Lyfjaverslun Íslands hf. Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutfélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða og fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Getur hluthafafundur tekið til umfjöllunar sérhvert málefni, sem varðar félagið, og tekið ákvarðanir um það. Ber þá stjórn félagsins að fara eftir því. Var stjórn Lyfjaverslunar Íslands hf. sjálf í aðstöðu til að boða til fundarins svo fljótt sem auðið yrði. Við þessar aðstæður var stjórninni óheimilt að ákveða sjálf og ganga frá kaupum á öllu hlutfé í Frumafli ehf. áður en slíkur fundur

⁷ Hér eftir nefnd hfl.

⁸ Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). Félagaréttur. Bls. 28.

⁹ Atvinnuvegaráðuneytið, 2009.

yrði haldinn, svo sem löglega hafði verið krafist. Er þá jafnframt litið til þess að kaupin gátu verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 76. gr. hfl., en samkvæmt þeirri grein laganna ber félagsstjórn að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins.¹⁰

Í þessum dómi féllst Hæstiréttur á lögban, meðal annars með vísan til þess að kaupin gætu verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt fyrrgreindri 76. gr. hfl.

Hluthafar njóta hvorki réttar til beinna áhrifa á fjármunum félags og eða áhrifa á málefni félagsins og þeir fara ekki með rekstur hlutafélagsins, heldur er hagsmunagæsla meginverkefni stjórnenda þess og skilyrðislaus skylda þeirra.

Ein mikilvægasta meginregla í félagarétti er reglan um jafnræði félagsmanna en hún gildir um öll félagafarm. Reglan er lögfest í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995 um hfl. Þar er kveðið á um að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félaginu en í samþykktum félaga megi þó ákveða að hlutum skuli skipt upp í sérstaka flokka¹¹.

Eins segir í 2. mgr. 1. gr. hfl. „Hlutafélag merkir í lögum þessum félag þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins“.

Ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar segir; „Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórn mála félög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess.“ einnig eru í 11. gr. Mannréttindasáttmálans um funda- og félagafrelsið, svipuð ákvæði sem tryggja rétt fólks til að stofna félög í löglegum tilgangi og án sérstaks leyfis stjórnvalda. Það er hið svokallaða jákvæða félagafrelsi. Viðurkennt er þó, að í félagafrelsinu felst líka neikvætt félagafrelsi, sem er réttur manna að standa utan félaga og ganga jafnframt úr þeim¹² sbr. dóm Hrd. nr. 239/1987, (Leigubílstjórafélagið Frami), sem síðar var kært og fór fyrir MDE¹³, en þar var því slegið föstu að íslenska ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum samkvæmt fyrrnefndri 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, en samkvæmt lögum var það skilyrði fyrir því að leigubílstjórar fengju útgefið atvinnuleyfi, að þeir ættu aðild að tilteknu félagi.

¹⁰ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 122.

¹¹ Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). Félagaréttur. Bls. 23.

¹² Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). Félagaréttur. Bls. 17.

¹³ MDE 30. Júní 1993, *Sigurður Á Sigurjónsson gegn Íslandi*, Series A, no. 264.

2.1. Hugtakið hlutafélag

Beina og ótvíræða skilgreiningu á hugtakinu hlutafélag er ekki að finna í hlutafélagalögunum. Þegar orðið hlutafélag dúkkar upp, þá er samvinna það fyrsta sem kemur upp í huga manns. Samvinna tveggja eða fleiri manna, þar sem hver og einn hluthafi ber ábyrgð á því sem hann lagði til félagsins, en ekkert umfram það.

„Með hugtakinu félag er átt við hvers konar varanlega samvinnu einstaklinga og/eða lögaðila um ákveðinn tilgang, sem stofnað er til af fúsum og frjálsum vilja með einkaréttarlegum löggerningi, að jafnaði með gangkvæmum samningi tveggja eða fleiri aðila (félagssamningi). Félög eru ein tegund samtaka. Samtök eru hvers konar varanleg samvinna einstaklinga og/eða lögaðila í þágu ákveðins tilgangs hvort sem er að sviði einkaréttar eða opinbers réttar“¹⁴.

Hlutafélög eru skipulagsbundin félög þar sem félagsmenn hafa með óafturkræfum hætti innt af hendi tiltekið hlutafé (stofnfé), og það hlutafé skiptist í hluti og enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þá fjárhæð sem hann hefur innt af hendi fyrir sína hlutafjáreign. Hin takmarkaða ábyrgð er hornsteinn þessa forms, í því felst að eigendur félagsins bera ekki persónulega ábyrgð og er skýrt tekið fram í 2. mgr. 1. gr. hfl. en þar segir: „Hlutafélag merki í lögum þessum félag þar sem enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.“ Í hfl. er ekki til skilgreining á félagshugtakinu í íslenskum rétti að öðru leyti en í ákvæði í 2. mgr. 1. gr. hfl. eins og segir hér að ofan. Að vísu túlkar Áslaug Björgvinsdóttir 1. mgr. 76. gr. hfl. á þá leið, að við ákvarðanatöku í hlutafélögum beri stjórnarmönnum og öðrum að hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi og ennfremur allra hluthafa¹⁵. En samt er í áður nefndri 76. gr. hfl., í fyrsta lagi verið að tala um félagið sem slíkt og í öðru lagi er talað um alla hluthafa. Er verið að tala þarna um tvær einingar eða sömu eininguna eða eru þetta einungis óljós skil á hvað „félagshugtakið“ merkir og stendur fyrir í íslenskri dómaframkvæmd?

Vanda ber til stofnunar við hlutafélagiformið, vegna þeirrar takmörkuðu ábyrgðar, sem hver og einn hluthafi hefur. Sbr. dóm frá Héraðsdómi Reykjavíkur 31. október 2006 í máli

¹⁴ Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). Félagaréttur. Bls. 12.

¹⁵ Áslaug Björgvinsdóttir. (2006). Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur. Guðrúnarbók. Bls. 55.

nr. E-366/2006, en þar var samþykkt kauptilboð sem var gert fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags, en samkvæmt 2. mgr. 15. gr. hfl. bera þeir sem taka þátt í löggjörningum sem gerðir eru fyrir hönd hlutafélags, áður en hlutafélagið er skráð, óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Þar var ekkert hlutafélag skráð, en hins vegar var stofnað einkahlutafélag sem var aðili máls. En í fyrirliggjandi stofnskrá og samþykktum M var ekki getið um neinar þær skuldbindingar sem M gerði fyrir hönd hins óstofnaða hlutafélags. Skuldbindingar kaupanda í kauptilboðinu voru gerðar fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags, dómur leit svo á að stefnandi sem var einkahlutafélag, væri ekki réttur aðili að málinu. Síðan sagði; ...“ *ekki er hægt að nota hugtakið hlutafélag sem einskönar yfirhugtak fyrir hvers kyns hlutafélög, þar sem ljóst var að um tvenns konar félagaform var að ræða, þar er hlutafélög og einkahlutfélög og um þau gildir sitt hvor lagabálkurinn.*“

Samkvæmt þessum dómi þarf að vanda til við stofnun hlutafélags og greinilega hefur ekki verið farið rétt að í þessu tilfelli og því um óskráð hlutafélag að ræða þar sem persónuleg ábyrgð féll á viðkomandi aðila.

3. Helstu skyldur og ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur eru skyldugir að bæta hlutfélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi sbr. almenna reglan í 1. og 2. mgr. 134. gr. hfl. um skaðabótaábyrgð stjórnenda, hvort sem um er að ræða stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra, endurskoðendur, skoðunarmenn hlutfélags eða matsmenn og rannsóknarmenn. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða á samþykktum félags. Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins. Í ákvæði 1. mgr. 72. gr. hfl. um ákvarðanir stjórnar sem varða málefni einstakra stjórnarmanna, til að mynda við samningsgerð milli félagsins og þeirra, er rétt að slíkar ákvarðanir séu teknar af óháðum stjórnarmönnum félagsins. Að auki skulu viðkomandi stjórnarmenn víkja af stjórnarfundum á meðan stjórnin tekur afstöðu til slíkra málefna. Jafnframt er stjórnarmanni skylt að upplýsa um slík atvik, ef þeir hafa verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Það er skylda stjórnarmanns að upplýsa um slíkt, um leið og einhver málefni af þessu tagi koma upp. Stjórnarmönnum ber einnig að taka ákvörðun um óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir sem falla ekki undir hinn daglega rekstur félagsins, svo sem eins og ef um er að ræða meiri háttar fjárfestingar eða breytingar á starfseminni eða veðsetningu eigna. En í ákveðnum tilvikum þegar um er að ræða t.d. ákvarðanir sem eru óvenjulegar í starfsemi félagsins eða þær ákvarðanir geta haft verulegar afleiðingar fjárhagslega, væri réttara fyrir stjórn félags að bera slík málefni undir hluthafafund, sbr. 2. mgr. 68. gr. hfl.

3.1. Ábyrgðin

Um refsíábyrgð stjórnenda er að finna samkvæmt 18. kafla hfl. Um einstakar tilvísanir til ábyrgðar eru í tilgreindum ákvæðum hfl. í 2. mgr. 102. gr. um arðgreiðslur, í 5. mgr. 104. gr. um hluthafalán og fjárhagslega aðstoð, í 5. mgr. 3. gr. um undirritun stofnsamnings og önnur skjöl fyrir hönd lögaðila og 3. mgr. 62. gr. um stofnendaábyrgð og í 2. mgr. 15. gr. um óskráð félag. Einnig er um að ræða skaðabótaábyrgð samkvæmt 15 kafla hfl., gagnvart félaginu sjálfu, hluthöfum og þriðja manni, (t.d. lánardrottnum).

Í hnotskurn má segja að ábyrgð stjórnenda felist í því að sjá til þess að starfsemi fyrirtækja sé í samræmi við tilgang félagsins og stefnu hluthafa og að reksturinn sé í

heilbrigðu horfi og starfsemin sé í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Sbr. dóm Hrd. nr. 151/1993, (Bílex), þar var um að ræða félag sem flutti inn bifreiðar sem samkvæmt samþykktum félagsins var alls ekki verkefni þess heldur var félagið skilgreint í samþykktum sem skipamiðlun. Engir stjórnarfundir eða aðalfundir voru haldnir í félaginu, utan eins aukaaðalfundar árið 1983 og engir ársreikningar lagðir fram. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að félagið hefði ekki verið rekið á nokkurn hátt sem hlutafélag í skilningi hlutafélagalaga né sem hlutafélag, sem væri í samræmi við tilgang þess, það er innflutning á bifreiðum og þeir því látnir bera persónulega ábyrgð.

Með því að taka að sér stjórnendastörf gangast menn undir þá ábyrgð að rækja þær skyldur sem slíkt felur í sér. Sú staðreynd að allur rekstur hlutafélaga er í höndum stjórnenda¹⁶ og eini lögformlegi vettvangur hluthafa þ.e. sjálfur hluthafafundurinn¹⁷, býður hagsmunaárekstrum heim.

Í stjórnarháttum fyrirtækja felast einnig réttindi og skyldur stjórnenda, stjórnar, endurskoðenda og hluthafa, sem eru sérstaklega tilgreind í ákvæði 79 gr. a.¹⁸

Í bæklingi sem Nasdaq gefur út um Stjórnarhætti fyrirtækja sem höfundur hefur áður minnst á, eru leiðbeinandi reglur fyrir stjórnarmenn í fyrirtækjum, tekið skal fram að þær hafa enga réttarstöðu í íslenskri laga- eða dómaframkvæmd heldur eru notaðar af flestum fyrirtækjum sem vilja viðhafa góða stjórnarhætti og þeir þurfa meðal annars að:

- *Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig, enda eiga stjórnarmenn ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.*
- *Hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um fyrirtækjarekstur og starfsemi félagsins.*
- *Hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins svo og skilning á því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni til að stuðla að því að þessi markmið náist.*
- *Óska eftir og kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til hafa fullan skilning á rekstri félagsins og til að taka upplýstar ákvarðanir.*
- *Tryggja að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.*
- *Fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt í rekstri.*

¹⁶ Sbr. 68. gr. hfl.

¹⁷ Sbr. 2. mgr. 80. hfl.

¹⁸ Með lögum nr. 89/ 2006. um breytingu á hfl. nr. 2/1995 voru sett inn sérstök (ný lagagrein grein 79. a.).

- *Stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.*
- *Koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins.*
- *Stjórnarmaður skal upplýsa um leið og málefni af þessu tagi koma upp svo og ef hann verður þess var að hann geti ekki talist óháður stjórnarmaður.*

Áslaug Björgvinsdóttir minnst á í grein sinni í Lögréttu að; „Mikilvægi góðra stjórnarháttanna í hlutafélögum sé ekki aðeins hagsmunamál hluthafa heldur líka ýmissa aðila sem tengjast og hafa hag af starfsemi og velgengni hlutafélaga, t.d. starfsmenn, lánveitendur og aðrir viðsemjendur og samfélagið almennt.“¹⁹

Til að félag sé starfshæft þarf að fá einstaklinga til að vera í forsvari fyrir félagið og fara með málefni þess. Hlutafélagalögin kveða á um að í hlutafélögum skuli vera mismunandi stjórnareiningar, skipaðar einstaklingum sem annast stjórn þess. Í lögunum er kveðið á um hlutverk og skipan þessara ólíku stjórnareininga, það er félagsstjórnar, hluthafafundar og framkvæmdastjórnar, sem gegna því mikilvæga hlutverki að gera félagið starfshæft sem lögaðila.²⁰ Hlutverk félagsstjórnar er mjög mikilvægt eðli málsins samkvæmt. Löggjafinn kveður á um að í félagsstjórn skuli vera að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sem mynda skuli félagsstjórnina. Skipunartími þeirra sem kosnir eru í stjórn er til fjögurra ára sbr. 8. mgr. 63. gr. hfl. að vísu má í samþykktum félags, kveða á um annað, en ekki má fara fram yfir þennan tímaramma. Þetta ákvæði kallar á eðlilega endurnýjun í stjórn félagsins.

Stjórnin sér einnig um að ráða framkvæmdastjóra til starfa, ef í stjórn eru varamenn þá gilda sömu reglur um þá og aðra stjórnarmenn samkvæmt 9. mgr. 63. gr. hfl. Því ber varamaður sömu ábyrgð og stjórnarmaður, en réttur varamanns til að sitja stjórnarfund er bara í þeim tilvikum ef forföll verða hjá stjórnarmanni að öðru leyti á varamaður ekki rétt á því að sitja stjórnarfundi. Í ákvæði 68. gr. hfl. um hlutverk félagsstjórnarinnar er meginreglan sú, að stjórn félagsins er í höndum félagsstjórnarinnar sjálfrar. Stjórnin annast skipulag félagsins og mótar stefnu þess, ekki síst hvað varðar fjármuni félagsins og bókhald þess sbr. 3. mgr. 68. gr. hfl.

Félagsstjórn er sú eina sem getur veitt prókúruumboð, sbr. 4. mgr. 68. gr. hfl. en samt, ef í samþykktum félags er kveðið á um eitthvað annað varðandi prókúruumboðið, þá er

¹⁹ Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Stjórnarhættir fyrirtækja og fyrstu viðmiðin á Íslandi. Bls. 89.

²⁰ Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Stjórnarhættir fyrirtækja og fyrstu viðmiðin á Íslandi. Bls. 88.

félagsstjórnin bundin af því. Á þessu má sjá að ýmis ákvæði má setja inn í samþykktir félags og oft rís ágreiningur um hvort félag sé í raun annað en það er að nafninu til sbr. Hrd. nr. 142/2012, (Glitnir hf. v Fons hf.), þar vísaði Hæstiréttur til þess að tilgangur Fons hf. samkvæmt samþykktum félagsins hefði meðal annars verið verðbréfavíðskipti, þar sem Hæstiréttur taldi að víðskiptin hefðu verið venjuleg í starfsemi Fons hf. og í samræmi við skráðan tilgang félagsins. Fórust Hæstarétti þannig orð; „Eins og að framan er rakið var tilgangur Fons hf. samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins meðal annars verðbréfavíðskipti, [] Þessi víðskipti voru því venjuleg í starfsemi félagsins og í samræmi við skráðan tilgang þess. Þau falla því undir þær heimildir sem prókúruhafi hefur til að annast allt það sem snertir atvinnu umbjóðandans og rita firmað [...]“ Samkvæmt þessu er prókúruumboðið ansi víðtækt og túlkast eins og um venjuleg víðskipti sé að ræða í starfsemi félagsins og í takt við skráðan tilgang þess. Prókúru má annars veita einstökum manni eða fleiri mönnum í sameiningu sbr. 25 – 32 gr. firmalaga nr. 42/1903.

3.2. Kosning stjórnar

Eins og áður sagði þá er meginregla um kosningu í félagsstjórn sú að hluthafafundur kýs stjórn hlutafélags og þar skulu eiga sæti fæst 3 menn, sbr. 1. og 2. mgr. 63. gr. hfl. Hlutverk stjórnarinnar er mjög mikilvægt, löggjafinn hefur sett afmörkuð og mjög skýr ákvæði um skyldur þeirra og hlutverk stjórnenda sem kosnir eru til verksins. Félagsstjórn ber að fylgja stefnu sem tryggir sem best hagsmuni hluthafanna til langs tíma lítið og hún hafi rúmar heimildir til mats í þeim efnum.²¹ Þegar kosið er til setu í stjórn í dag eru hæfiskilyrði þeirra sem kosnir eru skoðaðir í þaula og allt um viðeigandi er skoðað, meðal annars fjárráð og hjúskaparstaða. Hver sá sem valinn er til stjórnarsetu skal vera þeim kostum gæddur að geta rækt skyldur sínar sem stjórnarmaður og hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa, sem slík seta krefst. Sjálfstæð dómgreind er skilyrði allrar ákvarðanatöku, hvort sem stjórnarmenn teljast óháðir eður ei. Árangursrík stjórnarstörf kalla á þekkingu á starfsemi félagsins.

Í lögum nr. 13/2010, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög komu inn þær breytingar á 63. gr. hfl. sem kváðu á um kynjahlutföll í kosningu til stjórnar í hlutafélögum og einnig varamanna þeirra. Í 63. gr. a, b, og c hluta ákvæðisins er fjallað um kosningu til stjórnar hvort um meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða

²¹ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 334.

margfeldskosningu er að ræða, verður ekki farið ítarlega í útlistun á þeim reglum í ritgerð þessari. Í ákvæði í c-lið 2. mgr. 63. gr. hfl. er ákveðin minnihlutavernd, en þar er mælt fyrir um að ef hluthafar sem ráða minnst 1/5 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Séu fleiri en 200 hluthafar í félaginu, þá geta hluthafar er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu. Ákvæðið sjálft getur þannig tryggt minnihlutanum mann í stjórn, sem hefði ekki verið hægt með meirihlutakosningu. Minnihlutanum er með þessu ákvæði veittur möguleiki að fylgjast nánar með t.d. fjármunum félags og hvernig þeim er varið. Í 106. gr. hfl. kemur fram ef að hluthafar sem ráða yfir þessu hlutfalli hlutafjárins sem um ræðir, geti krafist dóms um að félaginu skuli slitið, ef hluthafar hafa misnotað stöðu sína af ásetningi eða brotið gegn samþykktum félagsins eða hlutafélagalögum. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfi sínu lausu samkvæmt 1. mgr. 63. gr. hfl. og ef félagið verður án stjórnar þá skulu þeir sem síðast sátu og gegndu stjórnarstörfum vera formlega í forsvari fyrir félagið áfram þangað til ný stjórn er sett á sbr. 3. mgr. 64. gr. hfl.

Frumskilyrði er að stjórnin starfi vel og skili góðum árangri svo og að hún sé skipuð einstaklingum sem bæta hvern annan upp með mismunandi þekkingu, hæfileikum og færni. Félagsstjórnin kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar einnig firma þess sbr. ákvæði 74. gr. hfl. hún ákveður einnig laun og starfskjör framkvæmdastjóra sbr. ákvæði 2. mgr. 79. gr. hfl. Sérstök fulltrúanefnd sér um eftirlit með störfum félagastjórnar samkvæmt 73. gr. hfl. Í ákvæði 87. gr. hfl. sér félagsstjórn einnig um að boða til hluthafafundar og ef félagið hefur enga starfandi stjórn eða lætur hjá líða að boða til hluthafafundar, þá skal ráðherra láta boða til fundarins að ósk t.d. framkvæmdastjóra, á kostnað félagsins. Félagsstjórnin er ákvörðunarþær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega að ekki sé kveðið á um strangari kröfur um annað í samþykktum félagsins. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum félagsins, nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða á um að atkvæði formanns stjórnar ráði úrslitum þegar atkvæði falla jafnt. En allt er þetta samvinna, ábyrgð og skyldur félagsstjórnar eru stór hluti þess að samstarf innan stjórnar gangi vel fyrir sig.

3.3. Ábyrgð og skyldur stjórnar

Félagsstjórn og framkvæmdastjórn fara saman með stjórn félagsins, sem þýðir að ábyrgðin er á beggja höndum um rekstur félagsins. Í samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar,

er kveðið á um verkaskiptingu milli þeirra. Að öðru leyti fer stjórn félagsins sjálf með það vald sem henni er fengið að lögum og hún er bundin af því.

Í 2. mgr. 70. gr. hfl er kveðið á um stjórnun funda, boðun þeirra og allan undirbúning sem félagsstjórninni er skylt að fara eftir. Í ákvæðinu á félagsstjórnin samkvæmt því að kjósa sér formann nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins um að hluthafafundur kjósi sér formann sérstaklega.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur sbr. 5. mgr. 70. gr. hfl. og allt sem gerist á stjórnarfundum skal ritað í þar til gerða fundabók/gerðabók, sem á að vera undirrituð af þeim sem fundinn sitja. Það er skylda stjórnar að ráða framkvæmdastjóra og varamenn eins og áður sagði og hún hefur þá skyldu að tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá gerð stofnsamnings og er í ákvæði 14. gr. hfl. Ef stjórnin framfylgir ekki þeirri skyldu innan þess tíma, eru þeir sem skráðu sig fyrir hlut í félaginu ekki lengur skuldbundnir af því. Ef einhverjar breytingar verða innan félagsins þá er það skylda stjórnar að upplýsa hlutafélagaskrá þar um, innan mánaðar t.d. ef um hlutfjárhækkun er að ræða eða breytingar innan stjórnarinnar. Þá þarf einnig að gera skýrslu til stjórnar um hlutafjáreign sbr. 67. gr. hfl.

3.4. Misnotkun á 67. gr. hfl.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar eru skyldugir að gefa stjórn hlutafélags skýrslu um hlutafjáreign sína í hlutafélaginu. Ákvæðið er í 1. mgr. 67. gr. hfl. og hljóðar svo;

„Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.“

Í 2. mgr. 67. gr. hfl. sem var nýmæli í lögum nr. 137/1994 um breytingu á lögum nr. 32/1978, núgildandi laga nr. 2/1995 um hlutafélög og hljóðar svo;

„Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.“

Í báðum ákvæðunum er um að ræða ákveðna trúnaðarskyldu sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar ættu að hafa að leiðarljósi og hafa í heiðri. Um er að ræða bann á misnotkun í viðskiptum með hluti í félaginu sjálfu eða félögum innan sömu samstæðu. Sem þýðir að stjórnendur mega ekki notfæra sér þekkingu þá sem þeir hafa aflað sér í

stjórnarstörfum sínum til þess að selja eða kaupa hluti til að hagnast á því sjálfir eða hafa áhrif á eftirspurn. Í umsögn frumvarpsins um breytingu á ákvæði þessu sagði að;

Dómstólar meta í hverju tilviki með tilliti til allra aðstæðna hvað teljist spákaupmennska. Hér má nefna að í 1. gr. nýlegs frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti var spákaupmennska skilgreind svo: „Kaup eða sala verðbréfa, sem talin eru verulega áhættusöm, í því skyni að öðlast skjótfenginn hagnað í kjölfar verðhækkunar eða verðlækkunar verðbréfanna.“ Skilgreiningin var ekki tekin inn í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 9/1993, enda kann hún að orka tvímælis. Í því sambandi má nefna að í danski fræðibók segir að kaup á bréfum í von um mikinn hagnað séu ekki í sjálfu sér skilgreind sem spákaupmennska. Hins vegar geti það talist spákaupmennska ef hlutabréf eru keypt eða seld í þeim tilgangi að hafa áhrif á gengi þeirra á grundvelli eftirspurnarreglunnar og þá í því skyni að hagnast á slíku.²²

Í raun er trúnaðarskyldan óskráð regla en í henni felst að í þeim tilfellum þegar hagsmunir félagsins rekast á við hagsmuni stjórnenda eða hluthafa, þá eigi hagsmunir félagsins að ganga fyrir.²³ Í störfum stjórnar og framkvæmdastjórnar ber þeim að gæta þess að ekki skapist sérstakar hættur sem gætu stefnt þessum viðmiðum í hættu. Sérstaklega er hætta á því að menn misnoti aðstöðu sína sbr. fyrrnefndu ákvæði 67. gr. hfl. af því að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar njóta algerrar sérstöðu um öflun upplýsinga innan reksturs félagsins og þá þekkingu gætu þeir freistast til að misnota. Þar fá þeir möguleika til að kaupa og selja hlutabréf t.d. þegar vænta má verðhækkunar á hlut eða verðfalls.²⁴ Ef félaginu býðst góður viðskiptasamningur, þá bannar trúnaðarskyldan sbr. fyrrnefndu ákvæði að gera þau sömu viðskipti sjálfum sér til handa.²⁵

Í hlutafélagalögnum er hvergi sérstakt ákvæði sem tekur af um allan vafa að stjórnendur eða framkvæmdastjóri og þeir sem hlut eiga að máli, verði að bera fullkomna trúnaðarskyldu gagnvart félagi sínu og er það miður.

²² Alþingistiðindi 1994 – 1995, A-deild, bls. 804

²³ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 327.

²⁴ Alþingistiðindi 1977 – 1978, A-deild, bls. 458

²⁵ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 328.

4. Brot á 72. gr.hfl. og 76. gr. hfl.

4.1. Vanhæfi samkvæmt 72. gr. hfl.

Ákvæði 72. gr. hfl. kveður á um að stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra er ávallt óheimilt að taka þátt í meðferð máls ef um viðskipti við þá sjálfa er að ræða. Eins ef um þriðja aðila er að ræða er þeim einnig óheimilt að taka þátt í meðferð málsins, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skýrt er tekið fram í ákvæðinu að stjórnarmanni og framkvæmdastjóra sé skylt að upplýsa ef slík viðskipti eiga sér stað. Margir halda því fram að vanhæfur stjórnarmaður verði að víkja af fundi um leið og samningsgerðin er tekin til umræðu²⁶. Úr dómaframkvæmd má nefna Hrd. nr. 19/1991 (Hafskip hf) sem oft er vitnað í en þar var B, sem var fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína í starfi hjá Hafskip hf. með því að láta meðákærða, framkvæmdastjórann P, gefa eftir viðskiptaskuld B hf. við Hafskip hf., samtals 1.613.595 krónur. Um þetta hátterni sagði Hæstiréttur að samkvæmt 56. gr. hfl. núverandi 72. gr. hfl. megi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri ekki taka þátt í meðferð máls eða samningsgerð milli félagsins og þriðja manns, eigi þeir þar verulegra hagsmuna að gæta. Ákærði B var því talinn í andstöðu við vanhæfisreglu hlutafélagalaga og hátternið var talið varða við 249. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940 (sem fjallar um umboðssvik). Ef viðkomandi stjórnandi er talinn vanhæfur samanber 72. gr. hfl. þá þarf annar óháður eða hlutlaus stjórnandi að fjalla um samningsgerðina og taka ákvörðun um hana ef svo ber við. Ef gera á samning við framkvæmdastjóra eða aðila þar sem framkvæmdastjóri sjálfur hefur þeirra hagsmuna að gæta sem ákvæði 72. gr. hfl. tekur til, þarf ávallt að bera samninginn undir félagsstjórn. Í fyrrgreindri niðurstöðu Hafskipsmálsins var B einnig gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína hjá H til að gefa eftir höfuðstól skuldar K og nýta eftirgjöfina í persónulegum viðskiptum sínum við K hf. Hæstiréttur sagði að afslátturinn hefði numið miklum hluta skuldar K og hefði verið verulega meiri afsláttur en almennt hefði verið veittur samkvæmt skýrslu endurskoðanda. B hefði ekkert samband haft við aðra stjórnendur fyrirtækisins um þessa bakfærslu. Þrátt fyrir neitun B taldi Hæstiréttur nægar sannanir komnar fram um að B hafi með þessari fyrirgreiðslu sinni gerst sekur um brot á 249. gr. almennra hegningarlaga.

²⁶ Áslaug Björgvinsdóttir. (2006). Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur. Guðrúnarbók. Bls. 58.

Í raun má segja að ákvæði 72. gr. hfl. feli í sér strangar formkröfur um gerð samninga hlutafélags við stjórnendur sína.

4.2. Brot á 76. gr. hfl.

Ákvæði 76. gr. hfl kveður á um að félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir félagið, megi ekki gera neinar ráðstafanir sem verða þess valdandi að afla einhverjum ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins sjálfs.²⁷ Hvorki framkvæmdastjóri eða félagsstjórn mega framfylgja þeim ákvörðunum sem hluthafafundur eða aðrir stjórnaraðilar félagsins hafa gert, ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóti félagssamþykktir og fari í bága við lög. Hér má nefna dóm Hrd. nr. 315/1994 (Sýn), þar sem ákvörðun stjórnar Íslenska Útvarpsfélagsins hf. um sölu á 20% hlutafjár var ógilt, þar sem skilyrðum fyrir því að hluthafafundur fjallaði um málið var fullnægt. Í þeim dómi sagði að einkum væri litið til þess að sala hlutabréfanna gat verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 76. gr. hfl. Hæstiréttur hefur iðulega í dómum sínum er varða ágreining um viðskipti í hlutafélögum vísað til reglu 76. gr. hfl.²⁸ Í dómi Hrd. nr. 228/2009, (Þorsteinn, Björn Ingi, Haukur, Jón, Katrín, Pétur og Skarphéðinn v. Vilhjálmi Bjarnasyni), kvað við aðeins annan tón, þar sem Þ og fleiri voru kjörin í stjórn félagsins G á hluthafafundi þess. Sama dag og hin nýkjörna stjórn tók við sagði forstjóri B, (Bjarni Ármannsson), starfi sínu lausu og gerði starfslokasamning við stjórnina, ásamt tveimur samningum af ehf. í eigu B um kaup G á samtals kr. 234.957.500 hlutum í félaginu þar sem hver hlutur var seldur á kr. 29 pr. hlut. V, sem var hluthafi í G, höfðaði mál og krafðist skaðabóta þar sem Þ, og fleiri stjórnarmenn í G hefðu brotið gegn 76. gr. hfl. og þeirri óskráðu meginreglu félagaréttarins um jafnræðið með því að gera áður nefnda samninga á ehf. í eigu B með kaupum á hlutum þeirra í G fyrir þessar 29 kr. pr. hlut, þegar meðalgengi í viðskiptum í Kauphöll Íslands hefði verið kr. 26,66 á hlut. Í 55. gr. hfl var litið til þess að hlutafélagi væri heimilt að eignast með kaupum eigin hluti, sem að vísu mega ekki vera fleiri en 10% af hlutafé þess, en til að grípa til slíkra ráðstafana þyrfti heimild hluthafafundar til félagsstjórnar, þar sem afmarkað væri hæsta og lægsta fjárhæð sem félagið mætti greiða.

²⁷ Daði Ólafsson. (2004). Minnihlutavernd í hlutafélagalögunum. Bls. 616.

²⁸ Áslaug Björgvinsdóttir. (2006). Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur. Guðrúnarbók. Bls. 56.

Í ákvæðinu felst að hluthafafundur getur að lögum heimilað stjórn að taka ákvörðun um að félag greiði í kaupum á eigin hlutum hærra og eða lægra verð en markaðsvirðið segir til um, á þeim tíma sem kaupin verða. Með þessu fælist í ákvæði 55. gr. hfl., ákveðið frávik frá 76. gr. sömu laga. Þ og fleiri gerðu þessi kaup félagsins á eigin hlutum með réttu vegna þess að á aðalfundi 20. febrúar 2007 var í samþykktum félagsins í gildi heimild sem mælti fyrir um að stjórn félagsins hefði heimild til þess, að kaupverð eigin hluta mætti ekki víkja meira frá markaðsverði hlutanna í Kauphöll Íslands en sem svaraði 10% á hverjum tíma, hvort sem um lækkun eða hækkun á hlut væri að ræða. Að með réttu hefði ákvæði 3. mgr. 55. gr laganna verið fullnægt með því að setja stjórn félagsins þessar skorður. Hæstiréttur taldi að ráðstafanir Þ og fleiri væru innan takmarka þeirra sem ákvæði hlutafélagalaga segðu til um og samþykktir aðalfundar G þann 20. febrúar 2007 settu stjórninni, með tilliti til jafnræðis milli hluthafa við kaupin á eigin hlutum, voru Þ og fleiri þess vegna sýknaðir af kröfum V.

Í þessum dómi er mjög óeðlilegt að forstjóri banka (B), geti gengið til stærsta hluthafa bankans til að koma á einhvers konar starfslokum sér til handa og þeir báðir þannig sniðgengið stjórn félagsins og alla aðra hluthafa eins og í þessu tilviki. Sérstaklega þar sem um er að ræða almenningshlutafélag. Samkvæmt hlutafélagalögum hafði þessi ákveðni hluthafi ekki heimild til þess að semja við B um að kaupa hluti á því yfirverði sem B lagði til. Engu að síður var það gert í skjóli samkomulags sem vísað er í og þeim hafði farið á milli. Að afla einum hluthafa slíkra ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað hinna með því að greiða þessa fjárhæð varðar ákvæði 76. gr. hfl og Glitnir hf braut það ákvæði og líka eina mikilvægustu grundvallarreglu félagaréttarins sem kveður á um jafnræði allra.

4.3. Eftirlitsskyldan

Stjórnarmönnum ber að að hafa eftirlit með starfsemi félagsins og þýðir ekki fyrir stjórnarmanninn að bera fyrir sig vankunnáttu af neinu tagi í þeim efnun sbr. Hrd. nr. 345/1991, (Töggur hf), þar sem maki stjórnarformanns og framkvæmdastjóra hlutafélags sat í stjórn en kom ekki nálægt rekstrinum og fáir fundir haldnir í félaginu. Engu að síður var maki þessi sakfelldur vegna vanskila félagsins á söluskatti. Makinn átti með réttu að afla sér vitneskju um rekstur félagsins, en gerði það ekki.

Stjórnarmenn verða að gæta þess að farið sé að lögum og samþykktum félags þess. Þeim ber að kynna sér öll málefni félagsins og þannig verða þeir færir um að taka mikilvægar ákvarðanir í málefnum félagsins ef til þess kemur og á reynir. Samkvæmt því geta stjórnarmenn orðið bótaskyldir gagnvart félaginu ef þessu mikilvæga atriði er ekki sinnt,

þeir geta ekki borið fyrir sig vanrækslu á eftirlitsskyldu sinni og eða gáleysi. Í dómi Hrd. nr. 136/1997, (Jarlinn hf) þar sem barþjónn einn var skráður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hjá einu og sama hlutafélaginu. Um fjölskyldufyrirtæki var að ræða. Í dóminum sagði, að D sem starfaði sem barþjónn á veitingahúsi, var einnig skráð stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hlutafélagsins V, sem sá einnig um rekstur hússins. Hlutafélagið V skilaði ekki virðisaukaskatti og allt bókhald félagsins var í ólestri. Skömmu eftir að barþjónninn D hætti störfum var rekstur V tekinn til gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum nr. 21/1991, þann 5. desember 1995. D var síðan ákærð fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt, lögum um ársreikninga og lögum um bókhald. Þótt svo að D hafi verið kosin sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri, þótti sannað að um málamyndagering hafi verið að ræða og D í raun og veru ekkert haft með höndum fjármálastjórn hlutafélagsins V. Einnig var stór hluti brotanna framinn eftir að D lét af störfum sínum hjá V. En með þessu var talið að D hefði af stórkostlegu gáleysi sínu brotið gegn þeim skyldum sem D tók að sér vegna stjórnarformennskunnar og sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins V. D bar þess vegna refsíábyrgð á fyrrgreindum brotum. Sem stjórnarmanni í félaginu bar D að annast um að starfsemi félagsins væri á góðu róli. Af gögnum málsins þótti séð að D hefði vitað af vanskilum á gjöldunum en ekkert aðhafst. D var dæmd til greiðslu sektar upp á kr. 7.000.000, og var fallist á beiðni félagsins um endurgreiðslu á tilteknum hluta virðisaukaskattsins.

Greinilega hefur D álitid sem svo að það væri bara formsatriði að hafa verið skráð í stjórn og þannig jafnvel ekki gert sér grein fyrir ábyrgð þeirri og skyldum sem D tók sér á herðar með því. Sennilegt er að í litlum fjölskyldufyrirtækjum eins og í þessu tilviki, þá gerist það stundum að stjórnarmenn setji sig ekkert inn í lagaskyldur hlutafélagaformsins sem er ámælisvert, því stjórnarmenn bera ábyrgð og skyldur gagnvart félaginu og þeir geta ekki borið fyrir sig gáleysi, því það er skylda þeirra að setja sig inn í allt hvað varðar reksturinn, sem var nákvæmlega það sem D hafði ekki gert í þessu tilviki. Meginreglan um stjórnendur er að þeim ber að gæta fyrst og fremst hagsmuna félagsins og trúnaðar við það.

4.4. Trúnaðarskyldan

Eins og áður er vikið að þá gildir sú meginregla um stjórnendur að þeim beri að gæta hagsmuna félagsins og félagsmanna og gildir það um öll félagaform²⁹ sbr. í áðurnefndum

²⁹ Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). Félagaréttur. Bls. 24.

Hrd. nr. 315/1994, (Íslenska útvarpsfélagið), þar sem sérstök áhersla var lögð á þágildandi 60. gr. hfl. núverandi 76. gr. laganna, að þá beri félagsstjórn að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins. Trúnaðarskyldan er ekki lögfest í hfl. en samt eru sum ákvæði sem beinlínis byggja á að þannig skylda sé til staðar samanber 67. gr. hfl., 68. gr. og einnig í 76. gr. laganna. Sérstök trúnaðarskylda fylgir starfi bæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra hlutafélags.³⁰ Einnig koma til skoðunar ákvæði hfl. um skaðabætur, refsingar og fleira. Fullyrða má að ef hagsmunir félagsins rekast á hagsmuni stjórnarmanna, framkvæmdastjóra eða hluthafa þá eiga hagsmunir félagsins að ganga fyrir og það er stjórnarmanna og framkvæmdastjóra að því sé framfylgt.³¹ Viðar Már Matthíasson prófessor hefur sett fram þá skoðun að stjórnarmenn beri trúnaðarskyldur gagnvart öðrum stjórnarmönnum, kröfuhöfum, hluthöfum og jafnvel stjórnvöldum.³² Í hnotskurn er gæsla hagsmuna félagsins meginverkefni stjórnenda og skilyrðislaus skylda þeirra, meginreglan um trúnaðarskyldu stjórnenda samkvæmt 76. gr. og 68. gr. hfl. er til þess fallin að hafa áhrif á háttsemi stjórnenda í þeirra störfum fyrir félagið og í tengslum við samningagerð þar sem þeir hafa persónulegra hagsmuna að gæta.³³

³⁰ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 327.

³¹ Sjá Alþt. 1977 – 1978, A – deild, bls. 458.

³² Viðar Már Matthíasson. „Trúnaðarskyldan við gerð, framkvæmd og slit samninga“, bls. 205.

³³ Áslaug Björgvinsdóttir. (2006). Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur. Guðrúnarbók. Bls. 54.

5. Framkvæmdastjórinn

„Ég hef þá tilhneigingu til þess að líta á svona organissjón sem hringlaga hóp, þar sem, júl, ég er þarna í miðjunni og það eru menn þarna í kringum mig sem eru mínir tæknilegu ráðgjafar og svo eru menn sem eru í kring um þá. En það eru aldrei nema tvær eða þrjár umferðir út í lokapunktinn, þ.e.a.s. að þeim sem eru að vinna við framleiðsluna. Þá verður fjarlægðin aldrei vandamál. Þegar ég kom því við, rölti ég um verksmiðjuna og rakst á það sem menn voru að gera og forvitnaðist um það sem þeir voru að fást við. En lét það aldrei henda mig að skipta mér af því sem þeir voru að gera“³⁴

Þannig lýsti Jón Sigurðsson, lögfræðingur, starfi sínu sem hann gegndi í, í tæp tuttugu ár, sem framkvæmdastjóri Íslenska Járblendifélagsins hf., um hvernig hann nálgast mannauðinn í verksmiðjunni og öðruvísi nálgun á hvað framkvæmdastjórinn gerði, hvað ábyrgð og skyldur varðaði. Eftirlitsskylda- og trúnaður voru hans einkunnarorð.

Framkvæmdastjórinn lætur verkin tala, gengur fram, sýnir fordæmi og er starfsmönnum góð fyrirmynd, hann fer ásamt félagsstjórninni með stjórn félagsins sbr. 1. mgr. 68. gr. hfl. Í hlutafélögum eru ráðnir einn til þrjú framkvæmdastjórar nema kveðið sé sérstaklega á um annað í samþykktum félagsins, sbr. 65. gr. hfl. Eins mega framkvæmdastjórar ekki sitja í meirihluta stjórnar í félagi sbr. 2. mgr. 65. gr. hfl. eða vera stjórnarformenn í hlutafélagi, sbr. 1. mgr. 70. gr. hfl. Helstu rök fyrir því eru að stjórnin á að hafa eftirlit með sitjandi framkvæmdastjóra/stjórum. Það segir sig sjálft að það eftirlit verður ekki virkt ef meirihluti stjórnarmanna eru framkvæmdarstjórar og/eða veiti félagsstjórninni forstöðu. Félagisstjórnin ræður framkvæmdastjóra til starfa, hún sér um ráðninguna alfarið, laun hans og starfskjör að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 79. gr. hfl.³⁵ Gæta þarf kynjahlutfalls samkvæmt 1. mgr. 65. gr. hfl, eins og breytingin með lögum nr. 13/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), kveður á um og einnig þarf að tilkynna til hlutafélagaskrár þau kynjahlutföll og hver var ráðinn sem framkvæmdastjóri. Verkaskipting á milli framkvæmdastjóra og félagsstjórnar er nánar lýst í 2. mgr. 68. gr. hfl. og er um að ræða daglega starfsemi sem framkvæmdastjóri er í forstöðu fyrir og kemur hann fram út á við á

³⁴ Ingileif Ástvaldsdóttir (2006) *Það var samheldnin*. Bls. 12.


³⁵ Stefán Már Stefánsson. (2013). *Hlutafélagaréttur*. Bls. 310.

opinberum vettvangi fyrir hönd síns félags undir eftirliti félagsstjórnarinnar. Ef framkvæmdastjóri þarf að gera óvenjulegar og eða mikils háttar ráðstafanir, sem í raun falla ekki undir hinn daglega rekstur, þá er það gert með sérstakri heimild frá félagsstjórninni eða þá ef ekki er hægt að bíða eftir ákvörðun félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið, í seinna tilvikinu skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina sbr. 2. mgr. 68. gr. hfl.

Framkvæmdastjóra ber ávallt að framfylgja fyrirmælum og stefnu félagsstjórnar samanber fyrrgreind ákvæði. Þykir slík regla eðlileg þar sem álitíð er að félagsstjórnin sé æðra sett stjórnareining í félagsmálefnum.³⁶ Ýmis sérgreind störf fylgja framkvæmdastjórastöðunni og er að finna í hlutafélagalögum, má þar helst nefna bókhald félagsins. Framkvæmdastjóri á að sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og reglur og meðferð eigna sé tryggð sbr. 3. mgr. 68. gr. hfl. og svokallað framkvæmdastjóraumboð, sbr. ákvæði 75. gr. hfl. en samkvæmt því hefur framkvæmdastjóri alltaf umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins, en inntaks þess umboðs er getið á ákvæði 2. mgr. 68. gr. hfl. en það felst í hugtakinu daglegur rekstur. Umboð þetta leiðir af lögum og þarf hvorki hluthafafundur eða stjórn félagsins að veita það sérstaklega, umboðið þarf hvorki að auglýsa né skrá. Nægir að birta framkvæmdastjóra stefnuna fyrir hönd hlutafélagsins samkvæmt dómvenju, samt er félagsstjórninni heimilt að víkka það umboð til framkvæmdastjóra er leiðir af stöðu hans.³⁷ Ef félagsstjórnin heimilar slíkt umboð til handa framkvæmdastjóra þá er hún bundin þeirri heimild að lögum sbr. Hrd. nr. 678/2008, (Soffanías Cecilsson hf.), þar sem hluthafinn M, krafðist þess að ákvörðun stjórnar félagsins um að veita framkvæmdastjóra félagsins umboð til að skuldbinda félagið, yrði ógilt með dómi og einnig ógilda sjálft umboðið. Framkvæmdastjóranum var heimilt með umboðinu að skuldbinda félagið með kaupum og sölu á viðskiptabréfum og taka lán til þeirra kaupa. Umboðið var án takmarkana og framkvæmdastjóra þannig heimilt að tilkynna stjórn eftir á um viðskipti sem voru gerð í krafti umboðsins. Í stuttu máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að heimildin hefði ekki náð til ráðstafana sem væru „óvenjulegar eða mikils háttar“, en jafnframt að í þeim orðum eigi að taka mið af tilgangi félagsins, umfangi þess og efnahagsstöðu og að það mat ætti framkvæmdastjóri ekki að hafa. Síðan taldi Hæstiréttur að stjórn hlutafélags gæti ekki samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum laganna, framselt vald sitt um ákvarðanir í ótilgreindum ráðstöfunum, án tillits til

³⁶ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 312.

³⁷ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 318.



Þess hvort þær væru óvenjulegar eða mikils háttar. Breytti þar engu þótt hluthafafundur samþykkti sjálfur slíkt framsal. Fyrrgreint umboð var því ekki talið samrýmast ákvæði 2. mgr. 68. gr. hfl. Ákvörðun S hf. var ógild og umboðið sjálft dæmt ógilt.³⁸

Stjórn Soffaníasar Cecilssonar hf. mátti ekki fría sig þeirri ábyrgð sem samkvæmt ákvæðum laganna var stjórnarinnar og afhenda framkvæmdastjóra þau völd að taka svo stórar og mikilsverðar ákvarðanir fyrir félagið. Ábyrgð stjórnar á gerðum framkvæmdastjóra eru skýr og brot á þeim varða við lög. *Bonus pater familias* reglan hefði átt við hér, hvernig hefði góður og gegn maður átt að bregðast við, framkvæmdastjórinn hefði átt að vita betur.

³⁸ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 318.

6. Skaðabótaákvæði XV kafla hfl.

Eins og áður er nefnt þá ræður háttsemi miklu í ákvarðanatöku. Í 134. gr. hfl. er lögð ákveðin hátternisskylda á alla stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra, endurskoðendur og alla þá sem koma að hlutafélaginu á einhvern hátt.³⁹ Samkvæmt þessu ákvæði eru forráðamenn félagsins ábyrgir fyrir öllu því tjóni sem þeir valda félaginu sjálfu, hluthöfum eða öðrum. Hluthafi er skyldur til að bæta það tjón sem hann af stórfelldu gáleysi eða ásetningi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum og eða þriðja aðila með broti á samþykktum félags eða hfl. ákvæðið hljóðar svo: „Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags. Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.“

Það getur reynst erfitt fyrir félag að sýna fram á tengingu milli orsakar háttsemi forráðamanns félags ef félag hefur orðið fyrir tjóni vegna þeirrar háttsemi.⁴⁰ Ef forráðamaður hefur ekki beint brotið ákvæði hfl. eða samþykktir félagsins. Þá er ekkert ákvæði sem tekur á þeirri háttsemi sem viðkomandi viðhafði í starfi sínu. Oft er þá vísað til 68. gr. hfl. um skyldur félagsstjórnar og framkvæmdastjóra. Sbr. dómur Hrd. nr. 40/2003, þar sem ágreiningur var um hvort fyrrum framkvæmdastjóri félags væri skaðabótaskyldur gagnvart því, vegna starfs síns fyrir félagið, í niðurstöðu dóms Hæstaréttar sagði: „Á þeim tíma, sem atvik málsins urðu, keppti áfrýjandi á tilboðsmarkaði við aðra um sölu á lyftum og uppsetningu þeirra. Tap varð af nokkrum verkum [...] ber mikið á milli stefnda og stjórnarformanns áfrýjanda um sitt hvað, sem laut að rekstri áfrýjanda. Stendur þar orð gegn orði, en málsástæða áfrýjanda fyrir sýknukröfu vegna ætlaðra mistaka stefnda í starfi er fyrst og fremst studd við staðhæfingar stjórnarformannsins. Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki tekist að sanna að hinum fyrrnefnda megi kenna um hve illa tókst til vegna þeirra samninga, sem um ræðir.“ Í þessum dómi krefst félagið sýknu af kröfu framkvæmdastjórans um greiðslu launa í uppsagnarfresti, vegna háttsemi þess áðurnefnda. En eins og áður sagði getur orðið erfitt að sanna slíkt. Í slíkum dómum sem þessum reynir

³⁹ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 372.

⁴⁰ Atvinnuvegaráðuneytið, 2009.

oftast á eftirlits- og trúnaðarskyldur félags og framkvæmdastjóra, sem eru grundvöllur ýmissa ákvæða hfl. Draga verður þá ályktun að eitthvað mikið þurfi til, til þess að hreinar viðskiptalegar ákvarðanir baki stjórnarmönnum persónulega bótaábyrgð samkvæmt þessu og virðist vera mat í hvert sinn.⁴¹

Engar sérstakar skyldur hvíla á hluthöfum almennt séð og þannig getur bótaskylda aðeins orðið í einstaka undantekningartilvikum. Að vísu felur sú regla í sér aðvörun til hluthafa, má vísa þar í ákveðna háttsemi sem hluthafar eiga að hafa að leiðarljósi, svo sem eins og að fara eftir samþykktum félagsins og fara að hlutafélagalögum, í einu og öllu.⁴² En munur er á skaðabótaskyldu forsvarsmanna og hluthafa gagnvart félaginu sjálfu. Ef að skaðabótaskyldan snýr að hluthafa eða öðrum, þá er um brot að ræða, á samþykktum félagsins eða hfl. til þess að 134. gr. hfl. verði virk.⁴³ Oftast virðist reynt á 2. mgr. 134. hfl. ef aðrir verða fyrir tjóni, eins og t.d. lánardrottinn. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur aldrei reynt á skaðabótaskyldu stjórnunaraðila gagnvart hluthöfum í eldri lögum og fyrsta dæmið um slíka kröfu kom í héraðsdómi frá 23. Janúar 2009, E-4033/2008, (Glitnir hf.), þar vísar héraðsdómari til 134. gr. hfl. og einnig til hinnar almennu skaðabótareglu þar sagði að; Þegar á allt framangreint er litið er það niðurstaða dómsins að stjórn Glitnis hf., hafi hvorki gætt hagsmuna bankans né hlutahafa er hún gekk frá kaupum á hlutum Bjarna Ármannssonar á yfirverði. Stjórnin mismunaði þannig hluthöfum bankans. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að stefndu hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með samningsgerð þessari og beri því með vísan til 134. gr. hfl. og almennu skaðabótareglunnar að greiða stefnanda bætur.

1/10 hluti félags getur sbr. 135. gr. hfl. getur farið fram á skaðabótakröfu vegna félagsins og í nafni þess, ef hluthafafundur hefur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um beitingu fébótaábyrgðar.⁴⁴ Ef hluthafafundur ákvarðar um ábyrgðarleysi aðilans sem við á eða beitir ekki fébótarábyrgð, þá er það ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins, ef það er í þannig ferli.

Bótaábyrgð stjórnarmanna er mjög mismunandi eftir því hverjar skyldur hvers og eins stjórnarmanns eru gagnvart félaginu og eftir því hve virk stjórnin er.⁴⁵ Í sumum félögum er stjórnin að funda oft á meðan aðrar stjórnir koma örsjaldan saman. Ábyrgð þeirra

⁴¹ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 384.

⁴² Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 386.

⁴³ Atvinnuvegaráðuneytið, 2009.

⁴⁴ Árni Harðarson. (1995). Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga. Bls. 284.

⁴⁵ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 376.

stjórnarmanna og vinnuframlag þeirra sem funda oft er þess vegna mun meiri og víðtækari en hinna sem funda sjaldnar. Aðalreglan er sú að lagður er jafnstrangur mælikvarði á bótaábyrgð stjórnarmanna hver svo sem menntun þeirra eða reynsla kann að vera af stjórnarstörfum eða öðrum störfum.⁴⁶ Hugsanlegt er þó að gerðar séu minni kröfur til stjórnarmanna sem eru nýjir í starfi, en t.d. lögfræðings í stjórn, sem bæri ríkari bótaábyrgð en aðrir stjórnarmenn vegna sérfræðiþekkingar⁴⁷ sinnar, sbr. Hrd. nr. 218/2014, (Glitnir hf. v Stefnumiðum ehf.) en þar sagði í dóminum að; Réttarsamband málsaðila byggðist á því að Glitnir banki hafi selt sóknaraðila ákveðna sérfræðiþjónustu. Vegna sérfræðiábyrgðar verði að gera ríkari kröfur til bankans. Hin sérstaka beiting sakarreglunnar vegna sérfræðiábyrgðar felist í fyrsta lagi í því að gerðar séu ríkari kröfur til hins hlutlæga þáttar, það er ríkari kröfur um tilteknar athafnir eða meiri aðgæslu eða vandvirkni. Í öðru lagi séu gerðar meiri huglægar kröfur til tjónvalds, því sé hann sérfróður og vel menntaður eigi hann frekar að geta gert sér grein fyrir hættum og líkum á tjóni og í þriðja lagi sé hægt að beita sönnunarreglum með sérstökum hætti, það er að hliðrað sé til um sönnun, tjónþola í vil, sem leiði til strangara sakarmats en samkvæmt almennum reglum, sbr. og Hrd. nr. 472/2012. Stjórnandi hlutafélags ber ekki ábyrgð nema það liggi fyrir að hann sé bótaskyldur samkvæmt ákvæðinu, sem sagt, það þarf að sanna bótagrundvöllinn gagnvart hverjum og einum þeirra, sérstaklega. Bótaskyldan er gagnvart hluthöfum, félaginu sjálfu og þriðja manni og ef um brot er að ræða á hlutafélagalögunum eða samþykktum félagsins. Ef brotið er gegn öðrum ákvæðum laga þá gildir sakareglan.

Sjá má af dómaframkvæmd að ef stjórnendur hlutafélags fara ekki eftir lögunum, er ábyrgðin þeirra að bera ef þeir vanrækja skyldur sínar þá geta þeir sætt bæði skaðabótaábyrgð og refsíábyrgð.⁴⁸ Ef samningur er ekki ógiltur, þótt hann sé byggður á ólögum ákvörðun samkvæmt 72. gr. og 76. gr. hfl. þá er hægt að fara fram á skaðabætur úr hendi þeirra stjórnarmanna sem gerðu samninginn, á grundvelli 134. gr. hfl. Ákvæði fyrrnefndar greinar er í raun lögfesting hinnar almennu skaðabótareglu og sömu sönnunarkröfur eru gerðar þar eins og skaðabótareglan hljóðar upp á. Gildir sú meginregla að sá sem krefst skaðabóta verður að sanna sök, tjón sitt og orsakatengsl; í raun og veru þarf sá sem krefst bóta að bera sönnunarbyrðina sjálfur.⁴⁹ Vegna skaðabótaábyrgðar vegna samnings hafa fallið dómur í Hæstarétti sem benda til að sönnunarbyrðinni hafið verið snúið

⁴⁶ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 377.

⁴⁷ Hrd. nr. 218/2014. <http://www.haestirettur.is/domar?nr=9623&leit=t> [Sótt á vefinn 17 nóvember 2014]

⁴⁸ Áslaug Björgvinsdóttir. (2006). *Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur*. Guðrúnarbók. Bls. 68.

⁴⁹ Arnljótur Björnsson. (1999). Skaðabótaréttur. Bls. 133.

við sbr. Hrd. nr. 272/1996, (Brunnur hf.), en þar lagði Hæstiréttur sönnunarbyrðina á E, Ó og S sem voru stjórnendur félags sem ráðstöfuðu eignum félagsins á ólögmætan hátt til annars félags í eigu nákomins ættingja sem var í eigu Ó og S, Snjósport hf. Ráðstöfun sú átti sér stað þegar átti að gefa bú Brunns hf upp til gjaldþrotaskipta. Fyrrum starfsmaður B hf., Þ, höfðar mál á hendur E, S, Ó og S hf. og krafðis Þ skaðabóta vegna mismunar á launakröfu á hendur félaginu. Taldi Þ stjórnendur beggja hlutafélaganna vera skaðabótaskylda með þessum gerningi. Hæstiréttur taldi að stjórn B hf. hefði átt að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta áður en umræddur kaupsamningur hefði verið gerður. Mæðginin E og Ó voru bæði í stjórn B hf. á þessum umrædda tíma, sem skipti hér máli. Hæstiréttur taldi því þau skaðabótaskyld vegna þess tjóns sem Þ varð fyrir. E, Ó og S hf. voru því dæmd til að greiða Þ skaðabætur.

Í þessum dómi var verið að stefna hagsmunum aðilans Þ og annarra skuldheimtumanna í hættu með saknæmum og ólögmætum hætti. Erfitt getur reynst að mæla sakarmatið í svona málum og einnig erfitt fyrir aðilann Þ að sanna að brotið hafi verið á sér, sem gert var í þessu tilviki og bótaábyrgð eigenda augljós.

6.1. Sakareglan og sakarmatið

Bótaábyrgðin byggist á sakareglunni, reglan hljóðar svo:

„Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótaareglum. Það er og skilyrði að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.“⁵⁰

Með þessari reglu er lagt til grundvallar að gerist stjórnarmaður félags sekur um vanrækslu eða mistök í starfi, sem leiðir til fjártjóns fyrir félagið eða aðra, þá skuli þeir bæta tjónþola það tap. Eins og fyrr sagði þá eiga stjórnarmenn að gæta hagsmuna félagsins eftir bestu samvisku, oft er *bonus pater familias* mælikvarðanum beitt með sama hætti og í skaðabótarétti. Þannig er metið hvernig gegn og skynsamur maður hefði hegðað sér við þær aðstæður sem ríktu. Ef að háttsemi tjónvaldsins viku frá því sem eðlilegt telst vera, verður hann að jafnaði að bera skaðabótaábyrgð.⁵¹

⁵⁰ Arnljótur Björnsson. (1999). Skaðabótaréttur. Bls. 374.

⁵¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Skaðabótaréttur. Bls. 149.

Erfitt getur orðið að skilgreina sakarmatið sjálfst og hvenær sakarmatið leiðir til bótaskyldu og einnig í hvaða tilfellum strangara sakarmat myndi gilda. Hvort er um veikara sakarmat að ræða ef til dæmis um óheiðarleika er að ræða, eða hvort kröfum hafi ekki verið fullnægt, í samanburði við ef stjórnandi hafi augljóslega og vísitandi brotið einhverjar tilgreindar skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt settum lögum eða samþykktum félagsins. Aðferðafræði dómstóla til að meta sakarmatið er að í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi vilji tjónvalds til að viðhafa tiltekna háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem er huglægur þáttur matsins. Í huglæga matinu þarf að skilja frá tilvik eins og þar sem háttsemi manns stjórnast ekki af vilja hans, hvort sem hann er þvingaður til gjörða sinna með hótunum eða líkamlegu valdi. Í hnotskurn er skilyrði saknæmis að sá sem veldur tjóni þarf með háttsemi sinni að hafa stjórnast af vilja hans til að viðhafa þá háttsemi, sá vilji þarf ekki að vera einbeittur.⁵²

Það er líka erfitt að skilgreina fyrirmyndar stjórnarmeðlim eða framkvæmdastjóra með tilliti til sakarmatsins.⁵³ Árni Harðarson minnst einnig á, að svo hægt sé að nálgast það sakarmat sem gildir um stjórnendur hlutafélaga, sé það skilgreint annars vegar hvenær milt sakarmat leiði til bótaskyldu og svo hinsvegar í hvaða tilfellum strangara sakarmat myndi gilda. Í íslenskri dómaframkvæmd virðist jafnvel milt sakarmat duga til ábyrgðar ef stjórnendur hlutafélaga hafa annaðhvort, í fyrsta lagi sýnt af sér hegðun sem telst óheiðarleg, í öðru lagi, að þeir hafi ekki fullnægt lágmarkskröfum sem ætlast er til af þeim í starfi og í þriðja lagi þá sé strangara sakarmati beitt ef stjórnendur hafa augljóslega brotið sérstaklega tilgreindar skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt settum lögum og samþykktum félags. Gerist stjórnarmaður óheiðarlegur⁵⁴ með framferði sínu, hver er þá nánari afmörkun óheiðarleikans? Hér má hugsanlega til leiðbeiningar líta á 33. gr. samningalaga nr. 7/1936⁵⁵, sem felur í sér að ekki sé hægt að bera fyrir sig löggerning sem ella yrði talinn gildur ef talið yrði að um óheiðarlegt athæfi væri að ræða þegar löggerningurinn kom til vitundar manns sem tekur við honum. Ákvæði 33. gr. sml. er ein af svokölluðum vísireglum, vegna þess að reglan gefur ekki frekari upplýsingar um matsatriði eins og það vísar í, eins og óheiðarleika, því er ætlað að höfða til réttlætistilfinningar þorra manna sem vilja sýna af sér heiðarleika í viðskiptum og þar að auki er hún einhvers konar stefnuyfirlýsing löggjafans

⁵² Viðar Már Matthíasson. (2005). Skaðabótaréttur. Bls. 148.

⁵³ Árni Harðarson. (1995). Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga. Bls. 297.

⁵⁴ Hugtakið óheiðarleiki rúmast innan ólögmetishugtaksins, en er notað hér til þess að reyna að afmarka með sem bestum hætti í hvaða tilvikum milt sakarmat dugur til ábyrgðar.

⁵⁵ Hér eftir nefnd sml.

að ávallt skuli gæta heiðarleika í viðskiptum.⁵⁶ Ef háttsemi tjónvalds víkur frá þeirri reglu, sem ætla má að *bonus pater familias* hefði viðhaft og það tjón rakið til þess fráviks, ætti tjónvaldur að bera skaðabótaábyrgð vegna þess að tjónvaldi átti að vera það ljóst að tjón gat leitt af háttseminni sem hann viðhafði, það er huglægi þátturinn.⁵⁷ Í Hrd. nr. 206/1999, (Hafald hf.), þar voru tveir stjórnarmenn í hlutafélagi dæmdir skaðabótaskyldir vegna refsiverðar háttsemi framkvæmdastjórans sem viðkomandi hafði í frammi á meðan þeir sátu í stjórn félagsins. Í rökstuðningi stjórnarmannanna héldu þeir því fram að þeim hafi verið ókunnugt um háttsemi framkvæmdastjórans, en Hæstiréttur vísaði þeirri mótbáru á bug og sagði að ótvírætt væri að ákvörðunin um að framselja aflahlutdeild mótorbátsins Ásbergs KE – 111 hefði verið mikilsháttar ákvörðun í skilningi ákvæðis 2. mgr. 68. gr. hfl., þar sem um eina skip Hafalds hf. hafi verið að ræða. Þessi ákvörðun var því á verksviði stjórnar félagsins, en ekki framkvæmdastjórans. Síðar í dóminum var tekin fyrir skaðabótakrafa á hendur stjórnarmönnum og kemur skýrlega fram, að sú krafa sé gerð til stjórnarmanna að þeir eigi í meginatriðum að hafa vitneskju um rekstur félagsins og allar mikils háttar ráðstafanir sem gerðar séu og þeir geti ekki borið fyrir sig ókunnugleika í þeim efnum eða ókunnugleika um löggjöf þá, sem gildir um starfsemi og ákvarðanatöku innan hlutafélagaförmisins.

6.2. Lækkunarheimildin


Samkvæmt 3. mgr. 134. gr. XV kafla um skaðabætur segir um að;

„Bótafjárhæð megi færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika“

Þetta er lækkunarheimild til lækkunar bótafjárhæðar þegar um er að ræða þau tilvik sem eru nefnd í 1 og 2. mgr. 134. gr. hfl. sem eru skaðabótaskyld og á einungis við um bætur samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum, ef ekki, þá gildir þessi sérstaka lækkunarheimild hlutafélagalaga ekki. Lagarökin um þessa lækkunarheimild eru reist á því að það tjón, sem oft getur orðið mikið, geti komið hart niður á umræddum aðilum. Þetta ákvæði kemur til álita þar sem brot þess sem krafist er bóta af er ekki talið stórfellt, eða ef aðrar sérstakar ástæður mæla til þess að lækka bæturnar, sbr. í máli nr. E-3120/2006 (Austurbakki hf.), frá Héraðsdómi Reykjavíkur frá 18. maí 2007, þar sem við beitingu lækkunarheimilda bar að

⁵⁶ Páll Sigurðsson. (2004). Samningaréttur. Bls. 314.

⁵⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). Skaðabótaréttur. Bls. 149.



hafa í huga að J og Þ höfðu sjálfir engan fjárhagslegan ávinning af móttöku Íslenskrar útivistar hf. á vörum frá stefnanda og álagningar stefnanda. Í þessum dómi er vísað beint í lækkunarheimildina í 3. mgr. 134. gr. hfl. og einnig í 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Auðvitað er umfang tjóns, sök aðila, fjárhagsaðstæður tjónvalds og fleiri atriði sem dómurinn tekur afstöðu til og hafa þýðingu í þessu sambandi.⁵⁸ En lækkunarreglan getur með þessu lækkað skaðabætur eins og áður er minnst á eða þær geta jafnvel fallið alveg brott ef það teldist íþyngja þeim sem ábyrgur er, á ósanngjarnan hátt.⁵⁹

⁵⁸ Stefán Már Stefánsson. (2006). Hlutafélög. Bls. 426.

⁵⁹ Árni Harðarson. (1995). Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga. Bls. 287.

7. Refsiákvæði XVIII kafla hfl.


Refsiábyrgðin fer eftir 18. kafla hfl. og fjalla ákvæðin bæði um þvingunarúrræði og refsingar sem hægt er að beita.⁶⁰ Fyrst er að minnast á þvingunarúrræði. Ef stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, skoðunarmenn eða skilaneftarmenn vanrækja skyldur sínar samkvæmt hlutafélagalögum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar, getur hluthafaskrá sbr. 152. gr. hfl. boðið þeim að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt að inna af hendi skylduverk. Þetta úrræði er ekki heimilt að nota í refsivörsluskyni heldur aðeins til að knýja fram aðgerðir sem lögskilylt er að inna af hendi. Þarna verður að gæta meðalhófsreglu, svo að álögð sekt sé í samræmi við þá hagsmuni sem ætlað var að ná fram. Sektir þessar falla niður ef skyldu hefur verið fullnægt eða löglegar efndir verið fram boðnar.

Refsiábyrgð stjórnenda getur stofnast bæði vegna brots sem framið hefur verið í rekstri félagsins eða vegna brots gegn sjálfu félaginu. Refsingar fara samkvæmt ákvæði 1. tl. 153. gr. hfl. sem varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum; að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar ef það er gert í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félagsins eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.⁶¹ Refsing getur varðað brot á almennum hegningarlögum og brot á skattalögum og fleira. Einnig varðar það sektum eða fangelsi að brjóta vísvitandi ýmis ákvæði hlutafélagalaga sem tilgreind eru sérstaklega sbr. nánar 2. tl. 153. gr. hfl. Samkvæmt því nægir ekki einfalt gáleysi til beitingar þess ákvæðis,⁶² sbr. dóm Hrd. nr. 385/2007, (Baugur hf.), þar sem X var borinn þeim sökum að hafa brotið gegn fyrirmælum 1 og 2 mgr. 104. gr. hfl. um lánveitingar, var vitnað einnig til 2. tl. 153. gr. hfl. sem refsheimild. X sagði fyrir dómi að refsheimild þessi væri ekki nægjanlega skýr, þar sem í framangreindum lagaákvæðum væri ekki talað um refsheimild sem beitt yrði á einstakling, heldur væri þar um að ræða hvað hlutafélagi teldist óheimilt að gera. Hæstiréttur sagði að í fjölmörgum ákvæðum hlutafélagalaga væri mælt fyrir um bæði heimildir og skyldur hlutafélaga og bann við aðgerðum, án þess að það sé sérstaklega tekið fram að þau ákvæði varði menn í einhverri ákveðinni stöðu hjá félagi. Einnig sagði í dóminum að ef ákvæði laganna fælu í sér fyrirmæli um heimild eða skyldu þeirra sem bærir væru til

⁶⁰ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 409.

⁶¹ Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 410.

⁶² Stefán Már Stefánsson. (2013). Hlutafélagaréttur. Bls. 411.



ráðstafana um hagsmuni hlutafélagsins að þá gerði hlutafélag ekkert slíkt án atbeina einhvers manns. Var talið að enginn skynsamlegur vafi lægi á um að ákvæði 1. og 2. mgr. 104. gr. hfl. hefði að geyma reglur um bann við þargreindri háttsemi starfsmanns hlutafélags að viðlagðri refsingu samkvæmt 2. tl. 153. gr. hfl. á hendur viðkomandi aðila.

8. Niðurstaða

Markmið höfundar með þessari ritgerð var að skoða nánar íslenska dómaframkvæmd sem snýr að ábyrgð stjórnenda í hlutafélagalögum nr. 2/1995 hvort sem þeir voru almennir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar. Lagaheimildir er víða að finna í hlutafélagalögum til notkunar við úrlausn dómsmála sem upp koma og virðast dómstólar hafa tiltölulega frjálst mat á því t.d. hvort sakarmatið sé veikt eða strangt og hvort háttsemi aðila telst vera í lagi eða ekki. Samkvæmt meginreglunni þarf tjónþoli þó alltaf að bera meginþungann af því að sanna mál sitt, hann ber sönnunarbyrðina sjálfur á málinu og að leita allra gagna til að sanna mál sitt. Það getur verið erfitt innan hlutafélaga ef þú telst ekki „innsti koppur í búi“, eins og sagt var um þá sem komu „ár sinni vel fyrir borð“, svo gripið sé til gamalla íslenskra málshátta sem allir skilja. Almennt séð þarf sá sem gerir skaðabótakröfu, að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvernig tjón hans sé tilkomið. Að sönnunarbyrðin um bótaskilyrði og tjón sem viðkomandi varð fyrir hvílir að jafnaði á tjónþola og þær meginreglur gilda einnig um mál sem eru sótt á hendur stjórnendum hlutafélaga. Til þess að fyrirbyggja óheiðarleika og skort á trausti á meðal stjórnarmanna virðist lausnin liggja í gagnsæi á allri starfsemi hlutafélagsins bæði á innra- og ytra eftirliti þess. Sérstaklega þarf að gæta þess ef mikil venslatengsl eru til staðar á milli fólks innan félagsins, það er eins og oft vilji verða meiri losarabragur á ýmsu, ef svo er. Eitt sem höfundur hefur furðað sig á við vinnslu þessarar ritgerðar, er hvers vegna trúnaðarskyldunni, sem enn er ólögskráð, eru ekki gerð betri skil með lögfestingu. Og að undirstrika þannig það meginhlutverk hvort sem um er að ræða stjórnenda eða framkvæmdastjóra að gæta hagsmuna félagsins fyrst og fremst. Sérstöku orðalagi 95. gr. hfl. furðar höfundur sig á, þar sem almenna bannreglan um öflun „ótilhlýðilegra hagsmuna“ sé afskaplega óheppilega orðað í ákvæðinu og greinilega er það matsatriði dómara að finna út hve miklu tjóni, „ótilhlýðilegir hagsmunir“ geta valdið tjónþola. Matsatriði á sumum ákvæðum hfl. í höndum dómara er stórt og mikið atriði þegar fella á dóm og getur oft á tíðum ekki verið sanngjarnt, í garð tjónþola sbr. umfjöllun á Hrd. nr. 228/2009. Þar sem stórlega er gengið framhjá öðrum hluthöfum og réttur þeirra gerður að engu í skjóli samþykktar félagsins sem viðkomandi bankastjóri samdi sjálfur um og kom á nokkru áður en hann yfirgaf skútuna. Eins má aldrei vanmeta upplýsingaskylduna, t.d. vegna tengsla á meðal stjórnenda og framkvæmdastjóra, gagnsæi virðist vera lykillinn að velgengni hlutafélaga að mati höfundar ritgerðarinnar. Hlutafélag sem er með gagnsæi að leiðarljósi er til fyrirmyndar í íslensku þjóðlífi og vekur innra með manni, trauststilfinningu.

9. Lokaorð

Í ritgerð þessari hefur verið farið yfir löggjöf um hlutafélög og um ábyrgð þá sem lýtur að stjórnendum hlutafélaga og framkvæmdastjórum. Farið var yfir hlutafélagalög nr. 2/1995 sem hafa að geyma ákvæði um reglur sem gilda innan félagaréttarins í sambandi við ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra og hvernig sú ábyrgð birtist í íslenskri dómaframkvæmd. Fjallað var einnig almennt um skyldur þeirra að lögum. Höfundur einskorðaði sig við íslenskan rétt og íslenska dómaframkvæmd við vinnsluna og fór ekki út í dönsk, norsk eða sænsk viðmið, lög eða dóma, þrátt fyrir að íslensku hlutafélagalögin séu samín upp úr þeim dönsku. Höfundur vonar að það sé ritgerðinni samt ekki til vansæmdar og að lesandi hafi notið þess að lesa hana. Það er mat höfundar að þessu efni hafi verið gerð góð skil, en auðvitað má alltaf gera betur. Er það von höfundar að tekist hafi að ná helstu efnistöfum saman til skila á sem bestan hátt svo að lesanda sé mögulegt að gera sér grein fyrir í hverju ábyrgð og skyldur stjórnenda og framkvæmdastjóra birtast og sé eftir lesturinn nokkru nær um ofangreinda löggjöf og ábyrgð þá og skyldur sem henni fylgja.

10. Heimildaskrá

Alþingistíðindi.

Arnlfjótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur kennslubók fyrir byrjendur*. 2. útg Reykjavík: Bókaútgáfa ORATOR.

Árni Harðarson. „Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga.“ *Úlfjótur*, 3. tbl. 1994.

Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). *Félagaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.

Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Stjórnhættir fyrirtækja og fyrstu viðmiðin á Íslandi. *Tímarit Lögréttu 2004; 1(1)*: s. 87-96.

Áslaug Björgvinsdóttir. (2006). Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur. *Guðrúnarbók*. Reykjavík: Bókaútgáfa Hið íslenska bókmenntafélag.

Daði Ólafsson. „Minnihlutavernd í hlutafélagalögum.“ *Úlfjótur*, 4. tbl. 2004.

Ingileif Ástvaldsdóttir. Greining á stjórnunarháttum stjórnanda; *Það var samheldnin*. Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Íslenska Járblendifélagsins. Dalvík 2006.

Atvinnuvegaráðuneytið. (2009). *Skýrsla Lagastofnunar um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum*. Reykjavík. Atvinnuvegaráðuneytið.

Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir, Tryggvi Gunnarsson. (2010). Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Reykjavík: *Rannsóknarnefnd Alþingis*.

Páll Sigurðsson. (2008). *Samningaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.

Stefán Már Stefánsson. (2006). *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík: Bókaútgáfa Hið íslenska bókmenntafélag.

Stefán Már Stefánsson. (2013). *Hlutafélagaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Hið íslenska bókmenntafélag.

Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.

Viðar Már Matthíasson. „Trúnaðarskyldan við gerð, framkvæmd og slit samninga.“ *Úlfjótur*, 2. tbl. 2000.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*. Reykjavík 2012.



11. Lagaskrá

Lög nr. 42/1903, Lög um verslanaskrá, firmu og prókúruumboð.

Lög nr. 7/1936, Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Lög nr. 19/1940, Almenn hegningalög.

Lög nr. 21/1991, Lög um gjaldprotaskipti.

Lög nr. 50/1993, Skaðabótalög.

Lög nr. 2/1995, Lög um hlutafélög.

Lög nr. 3/2006. Lög um ársreikninga.

Lög nr. 79/2008, Lög um endurskoðendur.

Lög nr. 13/2010, Lög um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.



12. Dómaskrá

Hrd. 1988, bls. 1532 (239/1987)

Hrd. 1991, bls. 936 (19/1991)

Hrd. 1992, bls. 560 (345/1991)

Hrd. 1992, bls. 1101 (490/1991)

Hrd. 1993, bls. 1653 (151/1993)

Hrd. 1994, bls. 1642 (315/1994)

Hrd. 1996, bls. 3218 (272/1996)

Hrd. 1997, bls. 2446 (136/1997)

Hrd. 1999, bls. 4453 (206/1999)

Hrd. 1999, bls. 4746 (272/1999)

Hrd. 2001, bls. 2666 (256/2001)

Hrd. 2003, bls. 3221 (40/2003)

Hrd. 10. október 2005 (420/2005)

Hrd. 5. júní 2008 (385/2007)

Hrd. 24. september 2009 (678/2008)

Hrd. 29. október 2009 (228/2009)

Hrd. 2. apríl 2012 (142/2012)

Hrd. 14. maí 2014 (218/2014)

Héraðsdómar

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-366/2006

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4033/2008



Mannréttindadómstóll Evrópu

MDE, *Sigurður Á. Sigurjónsson gegn Íslandi*, 30. júní 1993 (16130/90)

